Fyrirtækjakönnun 2019: Staða fyrirtækja og horfur í atvinnulífinu

Samantekt á niðurstöðum
8. apríl 2020

Vífill Karlsson, Hagfræðingur Ph.D.
Ráðgjafi SSV og dósent HA

Þátttaka eftir landshlutum

Tölur 17. feb, kl. 11:00					
Landshluti	**Svör núna**	**Lágmark**	**Núna/lágmark**	**Svör 2018**	**Núna/fyrra**
Austurland	127	120	106%	120	106%
Höfuðborgarsvæðið	79			99	80%
Norðurland eystra	374	330	113%	368	102%
Norðurland vestra	133	120	111%	161	83%
Suðurland	300	330	91%	390	77%
Suðurnes	87	200	44%	96	91%
Vestfirðir	129	100	129%	141	91%
Vesturland	318	300	106%	397	80%
Ekki gefið upp	106			290	37%
Samtals	1653	1500	110%	2063	80%

Þátttaka eftir atvinnugreinum

Tölur 17. feb, kl. 11:00					
Atvinnugrein	**Svör núna**	**Lágmark**	**Núna/lágmark**	**Svör 2018**	**Núna/fyrra**
Landbúnaður	312	300	104%	359	87%
Fiskveiðar	74	150	49%	66	112%
Fiskvinnsla	57	150	38%	64	89%
Önnur framleiðsla	113	150	75%	123	92%
Byggingastarfsemi	204	300	68%	221	92%
Heild- og smásala	102	100	102%	105	97%
Gisting og veitingar	208	300	69%	244	85%
Sérfræðingar og vís	65	100	65%	94	69%
Aðrar greinar	366	100	366%	402	91%
Ekki gefið upp	152			385	39%
Samtals	1653	1650	100%	2063	80%

Niðurstöður

Almennt um niðurstöðurnar í mjög stuttu máli

- Fyrirtæki bera sig almennt vel
- Fleiri hyggjast ráða en reka
  - Atvinnuhorfur versna þó á öllum landsvæðum milli áranna 2018 og 2019 nema á Vestfjörðum.
- 23% fyrirtækja vantar starfsfólk með ákveðna menntun
  - Mest þörfin er fyrir iðnaðarmenn, einkum trésmiði, og viðskiptafræðinga af háskólamenntuðu fólki.
- 17% fyrirtækja vantar fólk með ákveðna færni
  - Oftast er nefnt fólk sem getur unnið sjálfstætt og í öðru sæti sölumannshæfileika.
- Fleiri hyggjast fjárfesta en skala niður
  - Það dregur mest úr þeim áformum á milli áranna 2018 og 2019 á Suðurnesjum.
- Fleiri búast við samdrætti í eigin tekjum en þeir sem búast við aukningu
  - Þar versna horfurnar lítið eitt á milli ára
- Fleiri telja efnahagshorfurnar neikvæðar en jákvæðar
  - Þó voru menn neikvæðari árið 2018 en 2019.
- Þetta og margt fleira er að finna í niðurstöðum fyrirtækjakönnunarinnar 2019

Staða framleiðsluþátta

Starfsmannahald 2018 og 2019

Spurning: *Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?*

Meiri óvissa var á vinnumarkaði 2019 en 2018 þar sem fleiri svara því til að þeir muni hvorki fjölga fólki né fækka, færri ætla að fjölga og heldur fleiri ætla að fækka

Starfsmannahald 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum

- Fyrirtæki þriggja landshluta virðast vera heldur á því að ráða fólk en reka. Það eru Austurland, Vestfirðir og Norðurland eystra.
- Sístar eru horfurnar í atvinnumálum meðal fyrirtækja sem rekin eru úti á landi en í eigu höfuðborgarbúa og Suðurnesjum.
- Þá er ferðaþjónustan líklegri til þess að ráða en fyrirtæki í sjávarútvegi eða landbúnaði.
- Þeir sem svöruðu fyrir ferðaþjónustu frá höfuðborgarsvæðinu voru hins vegar líklegastir til að reka en ráða fólk.

Starfsmannahald 2018 og 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum

- Atvinnuhorfur versna á öllum landsvæðum milli áranna 2018 og 2019 nema á Vestfjörðum en þó sérstaklega Austfjörðum.
- Ferðaþjónustan virðist stuðla að því á báðum svæðum.
- Þó versna atvinnuhorfur í ferðaþjónustu á landinu öllu og enn meira í sjávarútvegi. Horfurnar versna ekki í landbúnaði.

Fyrirhugaðar breytingar á starfsmannahaldi 2018 og 2019

Spurning: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?

- Hér er samanburður á milli 2018 og 2019. Myndin sýnir að á Austurlandi eru menn meira á því að ráða og þeir eru meira sammála um þá afstöðu sína en á síðasta ári.
- Á Suðurnesjum snýst þetta hins vegar við. Þar eru menn ákveðnari í að ráðast í uppsagnir en miklu meira ósammála um þá afstöðu sína en í fyrra.
- Á Suðurlandi eru menn meira sammála en í fyrra og ákveðnari í að ráðast í uppsagnir frekar en að ráða.

Menntunarþörf

Spurningin: *Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?*

Heilt yfir virðist menntunarþörfin ekki breytast á milli ára þegar gögnin eru sett fram með þessum hætti.

Menntunarþörf 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum

- Þegar svörin voru brotin upp milli landshluta kom í ljós að þörfin var mest á Vestfjörðum og Suðurnesjum en minnst var hún á Norðurlandi vestra.
- Mest virtist þörfin vera hjá fyrirtækjum á Vestfjörðum og af höfuðborgarsvæðinu en síst á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum.
- Mest virtist hún vera í sjávarútvegi og ferðaþjónustu en síst í landbúnaði.
- Í sjávarútvegi var hún ýmist mjög mikil eða lítil þegar svörin voru brotin upp eftir landshlutum.

Menntunarþörf 2018 og 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum

- Menntunarþörfin jókst mest á höfuðborgarsvæði nu á milli kannanna og síðan á Vestfjörðum og á Austurlandi.
- Annars staðar dróst hún saman en þó mest á Suðurnesjum og á Suðurlandi.
- Menntunarþörfin jókst mest í sjávarútvegi og landbúnaði.

Menntunarbörf 2019

Hvaða menntun?

Menntunarþörf 2018

Hvaða menntun?

Menntunarþörf

- Oftast nefnt 2019 (í þessari röð)
  1. Iðnmenntun
  2. Trésmíði
  3. Tæknimenntun
  4. Kokkur
  5. Viðskiptafræði
  6. Bifvélavirkjun
  7. Markaðsfræði
  8. Vélstjórn
  9. Háskólamenntun
  10. Skipstjórn
- Mesti samdráttur
  - Meirapróf
  - Tölvunarfræði
  - Leiðsögn
  - Tæknifræði
  - Rafvirkjun
- Mesta aukning
  - Tæknimenntun
  - Trésmíði
  - Vélstjórn

Færniþörf

Spurningin: *Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan?*

- Heilt yfir voru 17% fyrirtækja í þörf fyrir fólk með sérstaka færni.
- Þörfin virtist ekki breytast á milli ára

Færniþörf 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum

- Þörfin fyrir fólk með sérstaka færni var mest á Austurlandi og í fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu.
- Síst var hún á Vesturlandi og Norðurlandi eystra
- Mest er þörfin í ferðaþjónustu og sjávarútvegi en minnst í landbúnaði

Færniþörf 2018 og 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum

- Þörfin fyrir fólk með sérstaka færni óx mest á höfuðborgarsvæði nu, þá á Suðurlandi og Norðurlandi vestra.
- Annars staðar dró úr henni á milli kannananna en lang mest á Suðurnesjum.
- Vöxturinn virðist vera mestur í ferðaþjónustu og sjávarútvegi en samdrátturinn í landbúnaði.

Færniþörf 2019

Hvaða færni,
getu eða hæfni?

Færniþörf 2018

Hvaða færni, getu eða hæfni?

Færniþörf

- Oftast nefnt 2019 (í þessari röð)
  1. Sjálfstæði
  2. Sölumennska
  3. Tölvufærni
  4. Starfsreynsla
  5. Þjónusta
  6. Samskipti
  7. Bústörf
  8. Þjónusta
  9. Dugnaður
  10. Matreiðsla
- Mesti samdráttur
  - Samskipti
  - Viðgerðir
  - Þjónustulund
  - Stjórnun
  - Trésmíði
- Mesta aukning
  - Sjálfstæði
  - Tölvufærni
  - Sölumennska
  - Ferðaþjónusta
  - Sjómennska

Fjárfestingar

Spurningin: *Hvort telur þú að fyrirtækið eigi eftir að bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum?*

- 28,5% sögðust ætla að fjárfesta og 11,7% sögðust ætla að selja.
- Þörfin virðist ekki breytast verulega á milli ára.

Fjárfestingar 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum

- Fjárfestingarviljinn var mestur á Austurlandi og Suðurlandi.
- Sístur var hann hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum
- Á milli atvinnugreina var fjárfestingavilji mestur í landbúnaði þó munurinn hafi ekki verið mikill.
- Þeir sem svöruðu fyrir landbúnaðinn á Suðurlandi og Norðurlandi eystra voru í einna mestum fjárfestingar-hugleiðingum ásamt ferðaþjónustu á Vestfjörðum og sjávarútvegi á Norðurlandi vestra.

Fjárfestingar 2018 og 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum

- Fjárfestingarviljinn dróst víða saman á milli kannanna en mest á Suðurnesjum og hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu.
- Samdrátturinn var mestur í sjávarútvegi.

Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir í öllum landshlutum

Spurningin: *Hver eftirfarandi þjónustu- eða framleiðsluþátta finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir starfsemi fyrirtækisins?*

- Nettengingar, raforka og farsímasamband eru mikilvægasta þjónusta og eða framleiðsluþættir sem spurt var um. Um þetta eru þátttakendur mest sammála.
- Rekstrarráðgjöf er ómikilvægust en um það eru menn meira ósammála.
- Mikilvægi hafnaraðstöðu eru menn mest ósammála.
- Svona mynd er að finna fyrir hvern landshluta og atvinnugrein í skýrslunni.

Endurmenntun 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið ver miklum fjármunum í endurmenntun starfsmanna.*

- Fyrirtæki virðast almennt stilla fjárveitingum sínum í hóf þegar kemur að endurmenntun.
- Ferðaþjónusta virðist hanga í meðaltali allra atvinnugreina.
- Sjávarútvegur og landbúnaður veita lægri fjárhæðum í endurmenntun en aðrar atvinugreinar að jafnaði.

Endurmenntun 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið ver miklum fjármunum í endurmenntun starfsmanna.*

- Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu verja mestu í endurmenntun starfsmanna sinna.
- Fyrirtæki af Norðurlandi vestra verja minnstu til endurmenntunar.
- Þeir sem svöruðu fyrir sjávarútveginn á Austurlandi vörðu mestum fjármunum til endurmenntunar innan þeirrar greinar, þátttakendur af höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi og Suðurlandi innan ferðaþjónustu og frá Vesturlandi í landbúnaði.

Þróun vinnuferla 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið ver miklum fjármunum í þróun á nýjum vinnuferlum, kerfum, búnaði eða framleiðslutækjum.*

- Fyrirtæki verja ekki miklu í þróun á nýjum vinnuferlum en heldur meira en í endurmenntun.
- Sjávarútvegurinn er öflugastur af þessum þremur atvinnugreinum sem voru til skoðunar og öflugri en allar atvinnugreinar að jafnaði.
- Ferðaþjónustan er næst meðaltali allra atvinnugreina en landbúnaðurinn fjærst.

Þróun vinnuferla 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið ver miklum fjármunum í þróun á nýjum vinnuferlum, kerfum, búnaði eða framleiðslutækjum.*

- Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu vörðu mestu í þróun vinnuferla.
- Fyrirtæki af Norðurlandi vestra vörðu minnstu til slíkrar þróunar.
- Af þremur meginatvinnugreinunum lagði sjávarútvegurinn mest í þróun vinnuferla en landbúnaðurinn minnst.
- Þátttakendur könnunarinnar úr sjávarútvegi á Austurlandi vörðu mestu til þróunarinnar.

Þjálfun nýráðinna 2019

Fullyrðing: *Ég (eða einhver annar innan fyrirtækisins) þarf að þjálfa mitt starfsfólk þó það hafi menntun þegar það ræður sig hjá fyrirtækin*.

- Ekki virðist mikil þörf á að þjálfa nýráðna en um 15% þátttakenda segjast þurfa að gera mikið af því.
- Mest virðist þörfin vera í landbúnaði af þessum þremur atvinnugreinum sem skoðaðar voru sérstaklega.
- Á næstu mynd sést að sjávarútvegurinn kemur þar annar í röðinni.

Þjálfun nýráðinna 2019

Fullyrðing: *Ég (eða einhver annar innan fyrirtækisins) þarf að þjálfa mitt starfsfólk þó það hafi menntun þegar það ræður sig hjá fyrirtækin*.

- Þörfin fyrir þjálfun nýráðinna var mest á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum.
- Minnst var hún á Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu.
- Innan atvinnugreina var hún mest hjá þátttakendum í landbúnaði á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.
- Í sjávarútvegi hjá þátttakendum á Vestfjörðum og Vesturlandi og í ferðaþjónustu á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Kvikir starfsmenn 2019

Fullyrðing: *Starfsmenn bregðast vel við þegar þeir eru beðnir um að leysa ný verkefni eða redda einhverju innan fyrirtækisins, jafnvel þó það sé ekki í starfslýsingu þeirra eða utan þeirra verksviðs*.

- Mannauður hérlendis virðist vera mikill þegar horft er til þess hversu bóngóðir starfsmenn eru því rúmlega 80% eru mikið sammála þeirri fullyrðingu.
- Þetta á sérstaklega við um starfsmenn ferðaþjónustu.

Kvikir starfsmenn 2019

Fullyrðing: *Starfsmenn bregðast vel við þegar þeir eru beðnir um að leysa ný verkefni eða redda einhverju innan fyrirtækisins, jafnvel þó það sé ekki í starfslýsingu þeirra eða utan þeirra verksviðs*.

- Kvikir voru starfsmenn í öllum landshlutum því ekki var mikill munur á milli þeirra þó svo Suðurnesin raðist hæst á þann kvarða og Norðurland vestra lægst.
- Innan atvinnugreinanna voru starfsmenn kvikastir hjá þeim sem svöruðu fyrir ferðaþjónustu á Austurlandi en landbúnaðar og sjávarútvegs á Norðurlandi eystra.

Ný tækni 2019

Fullyrðing: *Ég býst við því að taka nýja tækni í notkun innan fyrirtækisins á næstu 5-10 árum.*

- Rúmlega 70% áttu frekar eða mjög mikið von á að taka nýja tækni í þjónustu sína á næstu 5-10 árum.
- Sjávarútvegurinn átti mest von á því, þá ferðaþjónustan en síst landbúnaðurinn.

Ný tækni 2019

Fullyrðing: *Ég býst við því að taka nýja tækni í notkun innan fyrirtækisins á næstu 5-10 árum.*

- Fyrirtæki á Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu áttu helst von á tæknivæðingu næstu 5-10 árin.
- Síst voru það fyrirtæki á Norðurlandi vestra og eystra.
- Landfræðilegur munur er þó ekki mikill að þessu leyti.
- Innan atvinnugreinanna voru það þátttakendur ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu og sjávarútvegurinn á Austurlandi sem sáu helst fyrir nýja tækni í þjónustu sinni á næstunni.

Tækni og starfsfólk 2019

Fullyrðing: *Ég býst við því að tækniframfarir muni gera mér kleift að fækka starfsfólki á næstu 5-10 árum.*

- Fleiri fyrirtæki töldu miklar líkur á að tækniframfarir leystu vinnandi hendur af hólmi á næstunni en þau sem töldu litlar líkur á slíkri þróun.
- Á þennan hátt virtust líkurnar vera meiri í ferðaþjónustu og landbúnaði en sjávarútvegi.

Tækni og starfsfólk 2019

Fullyrðing: *Ég býst við því að tækniframfarir muni gera mér kleift að fækka starfsfólki á næstu 5-10 árum.*

- Mest áttu fyrirtæki á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum von á tæknin kæmi í stað hug- og handafls á næstunni.
- Síst voru það fyrirtæki á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu.
- Þeir sem svöruðu fyrir landbúnað og ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra bjuggust helst við áðurnefndri þróun í þeim greinum og sjávarútveg á Norðurlandi eystra.

Samkeppnisstaða landshlutanna m.t.t. stöðu framleiðsluþátta

Hér var útbúin var sameiginleg einkunn landshlutanna fyrir stöðu framleiðsluþáttanna sem gengur inn í mat á samkeppnisstöðu þeirra.

Mynd 1: Demantslíkan Porters

- Staða framleiðsluþátta var best hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu en næst best á Austurlandi.
- Staða framleiðsluþátta var verst á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum.
- Almennt voru atvinnugreinarnar þrjár ekki langt frá meðaltali þeirra allra. Helst var það landbúnaðurinn sem dró þá niður.

Stefna fyrirtækja uppbygging og samkeppni

Uppbygging fyrirtækisins og ytri aðstæður

Samkeppni 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið okkar er í samkeppni við mörg önnur fyrirtæki.*

- Fyrirtæki eru yfirleitt í mikilli samkeppni. Rúmlega 70% þátttakenda töldu fullyrðinguna eiga mikið við sitt fyrirtæki.
- Þetta á mest við um fyrirtæki í ferðaþjónustu, þá sjávarútvegi en síst í landbúnaði.

Samkeppni 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið okkar er í samkeppni við mörg önnur fyrirtæki.*

- Samkeppnin mældist mest á þennan hátt á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu en síst á Norðurlandi vestra og Vesturlandi.
- Þeir sem svöruðu fyrir sjávarútveg og ferðaþjónustu á Austurlandi gáfu í skyn að þar væri mest samkeppni innan þeirra greina en í landbúnaði á Suðurlandi og Norðurlandi vestra.

Fjöldi eigenda 2019

Fullyrðing: *Eigendur (hluthafar) fyrirtækisins eru margir.*

- Almennt virðist það vera svo að eigendur fyrirtækja séu fáir.
- Það á sérstaklega við um fyrirtæki í landbúnaði, þá ferðaþjónustu en síst í sjávarútvegi

Fjöldi eigenda 2019

Fullyrðing: *Eigendur (hluthafar) fyrirtækisins eru margir.*

- Fjöldi eigenda að fyrirtækjum virtist almennt mestur á Vestfjörðum og á höfuðborgarsvæðinu.
- Fæstir voru þeir á Norðurlandi vestra og Vesturlandi.
- Þátttakendur í sjávarútvegsfyrirtækjum og ferðaþjónustu á Vestfjörðum og Suðurnesjum gáfu til kynna að eigendur væru flestir þar á innan þeirra greina. Í landbúnaði á Vesturlandi.

Rekstrarráðgjöf 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið hefur þörf fyrir rekstrarráðgjöf.*

- Fleiri telja fyrirtækin þurfa rekstrarráðgjöf en þeir sem telja svo ekki vera.
- 55% töldu fullyrðinguna að ofan eiga frekar mikið, mikið eða mjög mikið við sitt fyrirtæki.
- Af þessum þremur atvinnugreinum voru það heldur færri fyrirtæki í ferðaþjónustu sem töldu þörf á ráðgjöf en í hinum tveimur. Annars var ekki mikill munur á milli þeirra.

Rekstrarráðgjöf 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið hefur þörf fyrir rekstrarráðgjöf.*

- Þörfin fyrir rekstrarráðgjöf var mest á Norðurlandi vestra.
- Þörfin fyrir rekstrarráðgjöf var minnst á Austurlandi.
- Þeir sem svöruðu fyrir sjávarútveg á Suðurlandi voru í mestri þörf fyrir ráðgjöf innan greinarinnar en minnst var hún hjá þeim á Austurlandi.
- Á þennan hátt var þörfin mest í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra en minnst á höfuðborgarsvæðinu.

Endurskipulagning 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið hefur þörf fyrir endurskipulagningu.*

- Fleiri telja fyrirtækin þurfa endurskipulagningu en þeir sem telja svo ekki vera.
- 50% töldu fullyrðinguna að ofan eiga frekar mikið, mikið eða mjög mikið við sitt fyrirtæki.
- Af þessum þremur atvinnugreinum voru það heldur færri fyrirtæki í ferðaþjónustu sem töldu þörf á endurskipulagningu en í hinum tveimur. Munurinn var samt ekki mikill.

Endurskipulagning 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið hefur þörf fyrir endurskipulagningu.*

- Mest var þörf fyrir endurskipulagningu á Norðurlandi vestra.
- Minnst var hún á Suðurnesjum.
- Innan sjávarútvegs sögðust þátttakendur á Vesturlandi vera í minnstri þörf fyrir endurskipulagningu.
- Í ferðþjónustu þátttakendur á Suðurnesjum og í landbúnaði á Suðurlandi.

Markmiðasetning 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið notar markmiðasetningu (setur sér markmið) í daglegri stjórnun fyrirtækisins og stefnumótun til lengri tíma.*

- Markmiðasetning er stunduð víða þar sem 40% þátttakenda segja fullyrðinguna eiga frekar mikið, mikið eða mjög mikið við sitt fyrirtæki.
- Ferðaþjónustan hafði þó vinningin að þessu leyti. Síðan kom sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn rak svo lestina.

Markmiðasetning 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið notar markmiðasetningu (setur sér markmið) í daglegri stjórnun fyrirtækisins og stefnumótun til lengri tíma.*

- Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu eru duglegust að beita markmiðasetningu.
- Fyrirtæki á Vestfjörðum eru lökust að þessu leyti en þó er ekki mikill munur á þeim og fyrirtækjum á Norðurlandi.
- Þeir sem svöruðu fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu voru líklegust að þessu leyti innan greinarinnar.
- Í sjávarútvegi voru það þátttakendur á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Aðlögunarhæfni starfsmanna 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið okkar er í samkeppni við mörg önnur fyrirtæki.*

- Starfsmenn íslenskra fyrirtækja virðast almennt aðlögunarhæfir.
- Um 65% svara því til að viðkomandi fullyrðing eigi frekar mikið, mikið eða mjög mikið við um þeirra fyrirtæki.
- Af þessum þremur atvinnugreinum sem horft var til á þetta sérstaklega við um ferðaþjónustu, þá landbúnað en síst sjávarútveg.

Aðlögunarhæfni starfsmanna 2019

Fullyrðing: *Ég get látið alla mína starfsmenn ganga í öll verk innan fyrirtækisins.*

- Aðlögunarhæfni virðist mest vera hjá fyrirtækjum á Norðurlandi vestra en síst frá höfuðborgarsvæðinu.
- Þeir sem svöruðu fyrir ferðaþjónustu voru jákvæðastir að þessu leyti innan greinarinnar á Vestfjörðum og á Austurlandi.
- Fyrir sjávarútveg var þetta sambærilegt á Suðurnesjum en landbúnað á Norðurlandi eystra.

Seigla fyrirtækisins 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið hefur hingað til átt auðvelt með að bregðast við flestum óvæntum aðstæðum í rekstri þess sem rekja má til þátta innan fyrirtækisins sem utan.*

- Seigla og aðlögunarhæfni virðist einkenna íslensk fyrirtæki.
- Tæplega 80% þátttakenda svara því til að viðkomandi fullyrðing eigi frekar mikið við, mikið eða mjög mikið við þeirra fyrirtæki.
- Af þessum þremur megin atvinnugreinum var það helst ferðaþjónusta sem tók undir fullyrðinguna og bendir því til að seiglan og sveigjanleikinn sé mestur þar.

Seigla fyrirtækisins 2019

Fullyrðing: *Fyrirtækið hefur hingað til átt auðvelt með að bregðast við flestum óvæntum aðstæðum í rekstri þess sem rekja má til þátta innan fyrirtækisins sem utan.*

- Seiglan er mest hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu en síst á Vestfjörðum.
- Í ferðaþjónustu gáfu þátttakendur á Austurlandi og Vestfjörðum vísbendingar um mestu seiglu fyrirtækja í greininni.
- Í sjávarútvegi átti þetta við um Suðurnes en í landbúnaði á Austurlandi.

Samkeppnisstaða landshlutanna m.t.t. stefnu fyrirtækja, uppbyggingar og samkeppni

Mynd 1: Demantslíkan Porters

Hér var útbúin var sameiginleg einkunn landshlutanna fyrir stefnu fyrirtækja, uppbyggingar og samkeppni sem gengur inn í mat á samkeppnisstöðu þeirra.

- Stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni var best hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu en næst best á Suðurnesjum.
- Staða framleiðsluþátta var verst á Norðurlandi vestra og Vesturlandi.
- Almennt voru atvinnugreinarnar þrjár ekki langt frá meðaltali þeirra allra. Helst var það landbúnaðurinn sem dró þá niður en ferðaþjónustan togaði upp.

Samanlögð samkeppnisstaða fyrir tvo þætti Demantslíkansins

Hér var útbúin var sameiginleg einkunn landshlutanna fyrir bæði stöðu framleiðsluþátta og stefnu fyrirtækja, uppbyggingar og samkeppni

Mynd 1: Demantslíkan Porters

- Þegar horft var til þessara tveggja þátta varð ljóst að samkeppnisstaðan var best hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu en næst best á Suðurnesjum.
- Hún var hins vegar verst á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum.
- Almennt voru atvinnugreinarnar þrjár ekki langt frá meðaltali allra þátttakenda. Helst var það landbúnaðurinn sem dró það niður.

Nýsköpun og skapandi greinar

Nýjar vörur 2019

Fullyrðing: *Að hve miklu leyti eru tekjur fyrirtækisins að koma vegna vöru- og þjónustu sem er ný?*

- Um 15% tekna íslenskra fyrirtækja er vegna nýrra vara eða þjónustu.
- Þarna munar mest um hlut Suðurnesja í þessu sem sker sig sérstaklega úr.
- Á Norðurlandi vestra er hlutfall nýrra vara í veltu lægst.
- Af þessum þremur höfuðatvinnugreinum er ferðaþjónustan með hæsta hlutfall nýrra vara/þjónustu.
- Ferðaþjónustan er samt bara í meðaltali allra atvinnugreina.

Menning og listir 2019

Fullyrðing: *Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?*

- Menning og listir eru um 5% af veltu fyrirtækja.
- Mest var veltan af menningu hjá fyrirtækjum á Vesturlandi og minnst á Norðurlandi vestra
- Ferðaþjónustan er lang duglegust að nýta sér menningu og listir af þeim þremur atvinnugreinum sem til skoðunar voru.
- Hún er líka mun duglegri heldur en aðrar atvinnugreina að jafnaði (sést t.d. á grænu súlunni).

Menning og listir 2019 og 2018

Fullyrðing: *Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?*

- Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu bæta sig mest á milli ára í að nýta sér menningu og listir í sínum rekstri. Vesturland kemur svo þar á eftir. Einnig bætir Suðurland lítið eitt við sér.
- Á Norðurlandi og Vestfjörðum dregst þessi nýting hins vegar saman.

Væntingar

Væntar heildartekjur 2019

Fullyrðing: *Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári?*

- Mestar væntingar um jákvæðar þróun tekna á milli ára voru á Vestfjörðum.
- Sístar á Suðurnesjum.
- Ekki var mikill munur á milli atvinnugreina hvað þetta snerti.
- Innan þeirra gat hins vegar verið all nokkur munur eftir landshlutum.

Væntar heildartekjur 2019 og 2018

Fullyrðing: *Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári?*

- Þegar horft var til allra þátttakenda (allra svæða) þá gefa væntingarnar um þróun heildartekna lítið eitt eftir.
- Þar eru horfur ferðaþjónustunnar og sjávarútvegsins neikvæðar en jákvæðar í landbúnaði.
- Breytingarnar voru jákvæðar á milli ára á Austurlandi, Norðurlandi vestra og Vestfjörðum.
- Neikvæðar voru þær á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi.

Vænt efnahagsástand 2019

Fullyrðing: *Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði?*

- Fleiri telja efnahagsástandið versna en þeir sem telja það batna á næstu 12 mánuðum (sést á því að meðaltal grænu súlunnar lægra en 3). Það ríkir því svartsýni á aðstæður í efnahagslífinu.
- Á Suðurnesjum og Vestfjörðum voru þátttakendur svartsýnastir.
- Minnst svartsýnir voru þátttakendur á Austurlandi og Norðurlandi eystra.
- Af þessum þremur atvinnugreinum voru fyrirtæki í sjávarútvegi svartsýnust en minnst svartsýn voru fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Vænt efnahagsástand 2019 og 2018

Fullyrðing: *Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði?*

- Athygli vekur að þátttakendur voru bjartsýnni 2019 en 2018 á horfurnar í efnahagslífinu.
- Það gilti fyrir öll landsvæði og allar atvinnugreinarnar þrjár sem voru til skoðunar sérstaklega en þó síst fyrirtæki í sjávarútvegi.

Um verkefnið

- Skoðanakönnun
- Kanna hug fyrirtækjanna til búsetuskilyrða þar, aðstæður á vinnumarkaði ásamt afstöðu þeirra í nokkrum mikilvægum atriðum eins og hamingju þeirra og hvort þeir eru á förum frá landshlutanum svo það helsta sé tilgreint.

Spurningarnar – yfirlit (lykilspurningar)

1. Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?

2. Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári?

3. Hvort telur þú að fyrirtækið eigi eftir að bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum?

4. Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?

5. Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan?

6. Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði?

Spurningarnar – yfirlit (frh)

10. Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?

11. Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu?

12. Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?

13. Að hve miklu leyti eru tekjur fyrirtækisins að koma vegna vöru- og þjónustu sem er ný?

14. Hver eftirfarandi þjónustu- eða framleiðsluþátta finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir starfsemi fyrirtækisins?: Banka- og fjármálaþjónusta, Bókhalds- og endurskoðun, Farsímasamband, Hafnaraðstaða, Heitt vatn, Kalt vatn, Lánsfé, Nettengingar, Raforka, rafmagnsveita, Rekstrarráðgjöf, Sí- og endurmenntun fyrir starfsfólkið, Símaþjónusta, Sorphirða, Starfsfólk, ómenntað/ófaglært, Starfsfólk, menntað/faglært, Tölvuþjónusta, Vegakerfi, Vöruflutningar flutningaþjónusta póstþjónusta, Öryggisþjónusta/næturvarsla.

Spurningarnar – yfirlit (frh)

23. Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?

a) Fyrirtækið ver miklum fjármunum í endurmenntun starfsmanna.

b) Fyrirtækið ver miklum fjármunum í þróun á nýjum vinnuferlum, kerfum, búnaði eða framleiðslutækjum.

c) Ég (eða einhver annar innan fyrirtækisins) þarf að þjálfa mitt starfsfólk þó það hafi menntun þegar það ræður sig hjá fyrirtækinu.

d) Starfsmenn bregðast vel við þegar þeir eru beðnir um að leysa ný verkefni eða redda einhverju innan fyrirtækisins, jafnvel þó það sé ekki í starfslýsingu þeirra eða utan þeirra verksviðs

e) Ég býst við því að taka nýja tækni í notkun innan fyrirtækisins á næstu 5-10 árum?

f) Ég býst við því að tækniframfarir muni gera mér kleift að fækka starfsfólki á næstu 5-10 árum.

Spurningarnar – yfirlit (frh)

24. Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?

a) Fyrirtækið okkar er í samkeppni við mörg önnur fyrirtæki.
b) Eigendur (hluthafar) fyrirtækisins eru margir.
c) Fyrirtækið hefur þörf fyrir rekstrarráðgjöf.
d) Fyrirtækið hefur þörf fyrir endurskipulagningu.
e) Fyrirtækið notar markmiðasetningu (setur sér markmið) í daglegri stjórnun fyrirtækisins og stefnumótun til lengri tíma.
f) Ég get látið alla mína starfsmenn ganga í öll verk innan fyrirtækisins.
g) Fyrirtækið hefur hingað til átt auðvelt með að bregðast við flestum óvæntum aðstæðum í rekstri þess sem rekja má til þátta innan fyrirtækisins sem utan.

Fyrirtækjakönnunin

- Á hverju ári
- Í fjórum hlutum
- Einu sinni í gegn á fjórum árum
- Uppbygging
  - Bakgrunnsspurningar
  - Fasta-spurningar
  - Fjórðungsspurningar

Bakgrunnsspurningar

- Staður (landsvæði, svf)
- Eignarhald, form (einkaft. opinbert oþh.)
- Aldur
- Atvinnugrein, ÍSAT 2008

Fastaspurningar

- Framtíðarsýn og væntingar fyrirtækja
  - Mannaráðningar
  - Fjárfestingar
  - Efnahagshorfur

Fjórðungsspurningar

1. Staða fyrirtækja
2. Staða framleiðsluþátta og eftirspurnar
3. Stefna fyrirtækja uppbygging og samkeppni ásamt skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar
4. Tækifæri og stjórnvöld ásamt opnum sp.

Mynd 1: Demantslíkan Porters

Framkvæmd

1. Vífill Karlsson, Ph.D. í hagfræði hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hafði yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd könnunarinnar, ásamt því að vinna úr niðurstöðum.
2. Atvinnuþróunarfélögin, landshlutasamtökin um land allt tóku saman fyrirtækja lista og netföng við hann. Byggðastofnun er einnig samstarfsaðili í þessu verkefni.
3. Könnunin fór af stað í október 2019 og lokað í byrjun febrúar 2020.
4. Túlkun á niðurstöðum og framsetning var í höndum Vífils og starfsmanna viðkomandi landshlutasamtaka

Hagnýtt gildi

1. Upplýsingarnar geta nýst í stefnumótunarvinnu sveitarfélaga, samtaka sveitarfélaga og annarra opinberra fyrirtækja og stofnana (og jafnvel einkafyrirtækja) sem sinna þörfum almennings með beinum hætti og/eða sýna samfélagslega ábyrgð.
2. Þar er m.a. að finna:
   a) Forgangslista 40 mismunandi búsetuskilyrða 3-4 landsvæða í hverjum landshluta
   b) Innbyrðis samanburð á stöðu búsetuskilyrða viðkomandi landshluta
3. Heildarsamantekt allra landshlutanna býður sunnlenskum landshlutum upp á samanburð við þá.
4. Þessi samanburður dregur fram þau atriði sem eru aðkallandi úrlausnarverkefni viðkomandi landshluta og dregur líka fram þá þætti sem eru í góðu lagi.
5. Þá er hugmyndin að endurtaka svona könnun á 2-3 ára fresti og ná þá að fylgjast með þróun mikilvægra þátta sem skipta íbúana máli.
6. Aðalmarkmiðið er að vita betur hvaða aðgerðir eru líklegastar til árangurs til að gera samfélög landshlutans betri staði til að búa á

Styrkleikar og annmarkar

- Styrkleikar
  - Öllum fyrirtækjum er boðin þátttaka í þessari könnun (ekki úrtak).
  - Mjög fín þátttaka á Norðurlandi eystra, Vesturlandi og Suðurlandi.
  - Könnunin hefur verið þróuð í nokkur ár á Vesturlandi áður en öðrum landshlutum var boðið með.
  - Byggir á niðurstöðum rannsókna í byggðamálum ásamt kenningum M. Porters
- Annmarkar verkefnis
  - Þátttaka fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu þyrfti að vera meiri
  - Þátttakan dróst saman um tæp 20% á milli ára
- Fyrirvarar
  - Frávik einstakra atvinnugreina innan hvers landshluta eru ekki einkennandi fyrir viðkomandi hóp vegna þess hversu fáir tóku þátt. Þær standa því eingöngu fyrir afstöðu þeirra sem þátt tóku.